

Skýrsla stjórnar Regins hf.

Skv. b-lið 2. mgr. 33 gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Lögð fyrir hluthafafund Regins hf. 11. febrúar 2014

Reginn hf. birti árshlutareikning samstæðunnar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013, ásamt fréttatilkynningu og kynningu, í fréttakerfi Kauphallarinnar hf. þann 28. nóvember 2013. Þar er fjallað ítarlega um rekstur Regins hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 og horfur í rekstri til loka ársins. Einnig birti Reginn hf. kynningu á kaupum á Klasa fasteignum ehf. sem birtist í Kauphöllinni 30. janúar 2014 en þar meðal annars kom fram rekstrarspá fyrir árið 2014. Auk þess birti félagið tilkynningu þann 14. janúar 2014 um endurfjármögnun hjá dótturfélaginu Reginn atvinnuhúsnæði ehf.

Stjórn Regins hf. telur að engar verulegar breytingar hafi orðið á fjárhagslegri stöðu félagsins frá því að ársreikningur félagsins fyrir árið 2012 var samþykktur á aðalfundi þess þann 22. apríl 2013, aðrar en þær sem kynntar voru við birtingu framangreinds árshlutareiknings Regins hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013 og að rekstur félagsins á árinu 2013 sé í samræmi við áætlanir.

Reykjavík, 4. febrúar 2014

Stjórn Regins hf.